



Fundargerð 13. fundar stjórnar SSA 8. nóvember 2021

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Pálína Margeirsdóttir og Gauti Jóhannesson. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl. 13:00.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 12. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt.*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (530),SSV (164), SSV (70), SSNE (30), SASS (573) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (902, úrgangsmál) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar.*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (74,75) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.5 Skipulagsdagurinn – *Lagt fram til kynningar*
- 1.6 Starfshópur í úrgangsmálum – *Lagt fram til kynningar*
- 1.7 Erindi til læknaeildar HÍ – *Erindið lagt fram til kynningar*

2. Innra starf SSA

2.1 Haustþing SSA 19-20. nóvember

Umræður um framkvæmd Haustþings SSA. Í ljósi aðstæðna og aukinna smita í samfélaginu var ákveðið að færa haustþing SSA yfir í fjárfund.

- Drög að dagskrá og umgjörð
Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá. Umræður um breytta dagskrá í ljósi þess að fundurinn verður fjárfundur.
- Heiðursgestur og menningarverðlaun
Farið var yfir tilnefningar Menningarverðlaunahafa og verður niðurstaðan tilkynnt á haustþingi. Ekki verður um heiðursgest að ræða í ár þar sem um rafrænt þing verður að ræða.
- Ályktun haustþings
Stjórn samþykkir að fela formanni og varaformanni að gera drög að ályktun sem kynnt verður á haustþingi

2.2 SV-AUST

Formaður fór yfir stöðuna á SV-Aust. Á næstu dögum verður undirritaður samningur við Vegagerðina sem mun taka við rekstri almenningssamgangna á Austurlandi frá og með áramótum.

2.3 Sóknaráætlanir



- Greinargerð og kynningarefni
Lagt fram til kynningar
- Fundur stýrihóps á Austurlandi 15. nóvember
*Framkvæmdastjóri fór yfir að stefnt er að fundi með stýrihópnum þann 15. nóvember.
Frekari upplýsingar verða sendar út þegar þær liggja fyrir.*

2.4 Frágangur á Atvinnuþróunarsjóði Austurlands

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Stefnt er að því að loka sjóðnum fyrir áramót.

3. Önnur mál

3.1 Erindi frá félagsmálaráðuneyti.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að ráðuneytið biði upp á fund í tengslum við velferð barna. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins meðal sveitarfélaganna.

3.2 Pósturinn.

Umræður um breytingar á gjaldskrá hjá Póstinum og áhrifum þess á landsbyggðina.

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 14:25